Tryggjum réttlátt samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi – þjóðinni og neytendum til heilla

Aðalfundur SFÚ, haldinn á Hótel Borg miðvikudaginn 6. nóvember 2013 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að grípa til aðgerða í samræmi við tilmæli , sem Samkeppniseftirlitið setti fram í áliti sínu nr. 2/2012, en þar segir:

„…með vísan til c. liðar 1. mgr. 8. gr. og 18. gr. samkeppnislaga beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, að hann beiti sér fyrir því að komið verði í veg fyrir þær samkeppnishindranir sem leiða af þeim lögum og þeirri framkvæmd sem fjallað hefur verið um hér að framan. Skal það gert með lagasetningu og/eða öðrum aðgerðum sem tryggja að samkeppni skerðist ekki að óþörfu á þessu sviði, en eins og kom fram hér að ofan er mikilvægt sú leið sé valin við lagasetningu sem hefur minnst skaðleg áhrif á samkeppni þegar samkeppnishindranir leiða óhjákvæmilega af lögum.“

Fundurinn skorar á ráðherra að beita sér fyrir því að a.m.k. 40 prósent af afla verði seldur í gegnum íslenska fiskmarkaði til að tryggja nægt framboð á mörkuðum.

Fundurinn skorar á ráðherra að beita sér fyrir því að öll viðskipti með fisk fari fram á markaðsverði og að skiptaverð verðlagsstofu í núverandi mynd verði lagt af.

Fundurinn skorar á ráðherra að beita sér fyrir því að fiskmörkuðum verði gefin betri skilyrði til vigtunar svo að þeir geti afgreitt rétta vigt til sinna viðskiptavina.

Fundurinn skorar á ráðherra að endurskoða starfsreglur fiskmarkaða og beita sér fyrir því að eignarhald á fiskmörkuðum verði dreifðara en það er í dag.

Fyrirtæki innan SFÚ, búa við mikinn samkeppnismun. Við svo búið má ekki sitja. Innan SFÚ eru sprotafyrirtæki sem skapa mestu verðmæti á hvert kg. upp úr sjó fyrir íslenskt þjóðarbú.

Stöndum vörð um okkar auðlind og eyðum samkeppnismun í sjávarútvegi.

Tryggjum réttláta samkeppni í sjávarútvegi – þjóðinni allri og neytendum til heilla!